

206 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kjartans Sigurjónssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. desember 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kjartans Sigurjónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans Sigurjónssonar og er stofnaður til minningar um Kjartan Sigurjónsson, söngvara, frá Vík í Mýrdal, f. 11. jan. 1919, d. 8. maí 1945.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 4000.00 — fjögur þúsund krónur —. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, heldur skal auka hann árlega með hálfum ársvöxtum, ásamt tillögum og gjöfum, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms efnilega islenzka söngvara. Má styrkur þessi nema allt að helmingi ársvaxta sjóðsins ár hvert. Falli niður styrkveiting eitt ár eða fleiri, skulu allir vextir lagðir við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins og úthlutun styrkja úr honum annast þriggja manna nefnd, sem skipuð er söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, tónlistarráðunaut Ríkisútvarpsins og organleikara dómkirkjunnar í Reykjavík, með þeirri undantekningu, sem um getur í 8. gr. Nú er stjórn sjóðsins (3) ekki fullskipuð með framangreindum hætti, og skipar þá skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins í stjórnina, það sem á vantar, að hún sé skipuð þrem mönnum.

Verði framangreind embætti lögð niður, skipar skrifstofustjóri menntamálaráðuneytisins þriggja manna nefnd sérfróðra tónlistarmanna, sem kveður á um úthlutun úr sjóðnum og hefur stjórn hans með höndum.

5. gr.

Aðnjótandi styrksins geta þeir nemendur einir orðið, sem sýnt hafa ótvíræða hæfileika, að dómi nefndarinnar, og eigi eru þess umkomnir að kosta nám sítt af eigin rammleik. Skal styrkurinn veittur árlega, þar til er námi er að fullu lokið, enda séu ástæður nemandans óbreyttar. Fyrst um sinn skal styrkurinn veittur einum nemanda í senn, eða þar til er sjóðurinn er orðinn þess megnugur að styrkja fleiri nemendur í einu, svo að að verulegu gagni megi koma.

6. gr.

Styrkveiting má hefjast, þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð kr. 20000.00. Menntamálaráðuneytið auglýsir umsóknarfrest, og skulu umsóknir stílaðar til ráðuneytisins, ásamt meðmælum frá viðurkenndum söngkennara.

7. gr.

Þegar helmingur ársvaxta af höfuðstól sjóðsins eru orðnir svo miklir, að stjórn sjóðsins álitur féð óþarflega mikið til þess eingöngu að styrkja söngvara til náms, má hún verja nokkru af fé þessu til eins eða annars, sem hún telur til eflingar söngmennt í landinu.

8. gr.

Meðan við nýtur ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frú Báru Sigurjónsdóttur, skal hún hafa fullan og óskertan rétt til úthlutunar úr sjóðnum, enda hafi hún ekki formlega afsalað sér þeim rétti í hendur stjórnar sjóðsins, sbr. 4. gr.

9. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af ekkju Kjartans Sigurjónssonar, frú Báru Sigurjónsdóttur, Hafnarfirði.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hannesar Thorarensen“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. desember 1945. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hannesar Thorarensen.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn af ættingjum og vinum til minningar um Hannes Thorarensen, fyrrum forstjóra, Laufásveg 31, Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er að upphæð kr. 5000.00 — fimm þúsund —, og skal hann ávaxtast á tryggan hátt. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheiti, sem honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæk börn, er dveljast þurfa á barnspítala í Reykjavík, sem fyrirhugað er að reisa, eða sérstakra aðgerða þurfa við þar eða annars staðar í sjúkrahúsi. Að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til styrkja úr sjóði þessum börn úr Reykjavík og Rangárvallasýslu.

Sjóðurinn tekur til starfa, um leið og barnspítali Kvenfélagsins Hringurinn í Reykjavík.

4. gr.

Þar til er barnspítalinn tekur til starfa, skulu allir vextir af sjóðnum leggjast við höfuðstólinn. Frá þeim tíma, til þess er sjóðurinn nemur 25000.00 — tuttugu og fimm þúsundum — króna skulu $\frac{2}{3}$ hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstól sjóðsins. Þá, og til þess er sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund —, skal